



**ORKUSTOFNUN**

**Jarðhitaathugun í Héraðsdal í  
Lýtingsstaðahreppi**

**Ragna Karlsdóttir, Hrefna Kristmannsdóttir,  
Guðmundur Ingi Haraldsson**

**Greinargerð RK-HK-GIH-83/02**

Jarðhitaathugun í Héraðsdal í Lýtingsstaðahreppi.

Um 700 m norðan bæjarins að Héraðsdal kemur fram heitt vatn í grjótskriðu. Nokkrar útfellingar sjást á steinum. Þrjú augu eru mest áberandi.

Hitastig er 21,5 °C í syðsta og neðsta auganu. Um 2 m norðar og ofar er annað auga og er hitastig í því 22,1 °C. Þriðja augað er 5 m norðar og ofar í hlíðinni. Hitastig í því er 22,0°C. Rennsli úr augunum er samtals 0,23 l/s.

Efnagreint var vatnssýni úr heitasta (þriðja) auganu. Efnasamsetning þess er:

Númer sýnis	Hitastig °C	magn í mg/l								
		pH/°C	SiO <sub>2</sub>	Na	K	Ca	Mg	CO <sub>2</sub>	SO <sub>4</sub>	H <sub>2</sub> S
800103	21,0	9,81/22	59,1	43,5	0,49	1,93	0,171	29,4	12,8	0,00

  

magn í mg/l			Heildarmagn uppleystra efna
Cl	F	B	
11,1	0,60	0,170	83,1

Djúphitastig reiknað frá efnainnihaldi er 55 - 60°C. Búast mætti því við að hitastig vatnsins sé um 60°C á meira dýpi. Hversu djúpt og hversu mikið magn er um að ræða segir þessi athugun ekkert um. Úr því fæst einungis skorið með djúpbörnun. Til að staðsetja borholu þurfa fyrst að fara fram frekari athuganir og mælingar, Borun er mjög dýr framkvæmd fyrir einn sveitabæ og nær útilokað að hún sé hagkvæm. Volgrurnar eru of langt frá bænum og rennslið of lítið til að hagkvæmt geti verið að nýta þær með varmadælu.



Dags.

1983-01-28

Dags.

Tilv. vor

HK/gb

Tilv. yðar

...  
Hr. Sigurður Sigurðsson  
Héraðsdal  
Lýtingsstaðahreppi  
...  
Skagafjarðarsýslu

Hjálagt eru niðurstöður jarðhitaathugunar í landi Héraðsdals sem Jarðhitadeild Orkustofnunar hefur látið gera.

Virðingarfyllst

Hrefna Kristmannsdóttir  
deildarstjóri